

Alþingi
Erindi nr. P 133/1030
komudagur 16.2.2007

	Samgönguráðuneytið	
	Minnisblað	

	Áskriftir:
--	------------

Viðtakandi: **Samgöngunefnd**

Sendandi: **Samgönguráðuneyti**

Dagsetning: **31.01.2007**

Málsnúmer: **SAM06080066**

Bréfalykill: **601**

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum – 388. mál**

Tilmæli ráðherra:

Texti:

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp samgönguráðherra til laga um breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987. Fulltrúar ráðuneytisins hafa hitt nefndina og farið yfir athugasemdir sem henni hafa borist. Af þessu tilefni leggur samgönguráðuneytið til við háttvirta samgöngunefnd að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu m.a. í ljósi þeirra athugasemda sem og annarra sem ráðuneytinu hafa borist.

1. Lögð hefur verið fram á Alþingi breytingartillaga við umferðarlög, þingskjal nr. 310, 297. mál, flutningsmaður Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður. Þar er lagt til að í skilgreiningu laganna á reiðhjólum í 1. málslíð c-liðar 2. gr. laganna breytist "15 km á klst" í "25 km á klst". Ráðuneytið er samþykkt slíkri breytingu og leggur til að hún verði tekin inn í frumvarpið.

Með breytingu á 2. gr. umferðarlaga með lögum nr. 84/2004 voru lítil vél- og rafknúin farartæki, hvort sem þau eru knúin með rafmótor eða sprengihreyfli og ekki voru hönnuð til hraðari aksturs en 15 km. á klst. skilgreind sem reiðhjól. Þar undir falla m.a. vélknúin hlaupahjól.

Ekki þykir rétt að skilgreina slík hjól sem vélknúin ökutæki sem eru skráningarskyld og þannig ætluð til notkunar í almennri umferð. Í nágildandi lögum er tekið fram að slíkum farartækjum megi ekki aka á akbraut. Þetta ákvæði

hefur reynst vel en efri hraðamörk hafa þótt óþarflega lág og er þessi breyting þykir því eðlileg.

2. Þá gerir ráðuneytið tillögu um nýja efnisgrein sem verði viðbót við 114. gr. umferðarlaga. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr. og breytist aðrar málsgreinar til samræmis við það. 2. mgr. orðist svo:

Við ákvörðun gjalda skv. 1. mgr. skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyprar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu umferðar- og umferðaröryggismála auk ferða og upphalds. Fjárhæð gjalda taki mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af þeirri þjónustu sem Umferðarstofa veitir.

Nokkrar athugasemdir hafa borist ráðuneytinu vegna gjalda Umferðarstofu en stofnunin er að mestu rekin með mörkuðum tekjum m.a. skv. gjaldskrá. Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur alloft verið bent á óskýrleika gjaldtökuheimilda, m.a. að óljóst sé hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir. Ákvæðinu er ætlað að skýra þetta og tilgreina þann kostnað sem ætlað er að standa undir með gjöldunum skv. 1. mgr. Með því eru skýrlega afmarkaðir þeir kostnaðarliðir sem standa til grundvallar útreiknings þeirra gjaldaliða sem heimilt er að innheimta í samræmi við 1. mgr. laganna.

3. Þá er lagt til að 2. mgr. 64. gr. a umferðarlaga verði breytt sem hér segir: Á eftir 1. málslíð 2. mgr. komi: Réttur til einkamerkis gildir í átta ár. Skráður eigandi ökutækis fram að 65 ára aldri skal greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis.

Í c. lið 4. mgr. 26. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 501/1997 er gert ráð fyrir að rétt til einkamerkis skuli endurnýja á átta ára fresti. Gert er ráð fyrir að sama gjald sé fyrir rétt til að öðlast einkamerki og endurnýjun. Eðlilegra þykir að ákvæði þetta sé í umferðarlögum en jafnframt er lagt til að ökumenn 65 ára og eldri séu undanþegnir þessu gjaldi. Rökin fyrir þessu eru almenn sanngirnissjónarmið auk þess sem frá þessum aldri fara ökumenn að fá ökuskírteini útgefin til ákveðins tíma og eftir 80 ára aldursárið er þeim gert að endurnýja ökuskírteini sitt árlega. Því er það sanngirnismál að þeir þurfi ekki að greiða fyrir rétt til einkamerkis í þeim tilfellum að ökuskírteini þeirra gildi hugsanlega í skemmri tíma en 8 ár.

4. Í samræmi við ábendingar og athugasemdir vegna 4. gr. frumvarpsins m.a. vegna ósamræmis í hraðamerkingum milli einstakra sveitarfélaga og þess að hlutfallstölur sem lagðar eru til í frumvarpinu geti hugsanlega valdið ruglingi hjá ökumönnum er lagt til að 5. mgr. greinarinnar verði felld á brott.

5. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sekt vegna hraðakstursbrota þegar ekið tvöfalt hraðar en heimilt er skuli nema a.m.k. 6 mánaða ökuleyfissviptingu. Í núgildandi lögum er ökuleyfissvipting vegna slíks brots 1 mánuður. Að teknu tillit

til framkominna athugasemda um þetta ákvæði og þá verulegu viðurlagabyngingu sem í því fellst er lagt til að miða ökuleyfissviptingu í ofangreindum tilvikum við 3 mánuði í stað 6 mánaða eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

6. Ráðuneytinu barst umsögn refsiréttarnefndar um frumvarp til laga um breytingar á umferðarlögum eftir að það hafði verið lagt fram á Alþingi. Í því eru nokkrar ábendingar varðandi 7. gr. frumvarpsins og á grundvelli þeirra ábendinga og annarra sem fram hafa komið leggur ráðuneytið til að greinin verði svohljóðandi:

6. gr.

A eftir 107. gr. kemur ný grein, 107. gr. a, svohljóðandi:

Þegar um stórfelldan eða ítrekaðan ölvunarakstur er að ræða, sem ekki fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi, stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur, sem telst sérlega vítaverður að öðru leyti, má gera upptækt vélknúð ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna og notað er við brotið, nema það sé eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn. Við sömu aðstæður og með sömu skilyrðum má gera upptækt vélknúð ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brotið, enda þótt ökutæki hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Gera skal ökutæki upptækt þegar eigandi ökutækisins hefur verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna fikniefnaaksturs eða aksturs undir áhrifum áfengis, sem hefur í för með sér sviptingu ökuréttar, og vándamagn í blóði er 1,20‰ eða meira eða vándamagn í lítra lofts, sem hann andar frá sér, nemur 0,60 milligrömmum eða meira, og viðkomandi hefur tvisvar síðustu 3 árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir fikniefnaakstur eða akstur undir áhrifum áfengis, þar sem vándamagn í blóði hefur mælst 1,20‰ eða meira eða vándamagn í lítra lofts, sem hann andar frá sér, hefur numið 0,60 milligrömmum eða meira, og sem haft hefur í för með sér sviptingu ökuréttar. Gera skal ökutæki upptækt enda þótt það hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Víkja má frá ákvæði 2. mgr. í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið, skal hann þó eiga forgang til andvirðisins, ef bætur fást ekki á annan hátt.

b. Fyrirsögn á undan greininn orðast svo: *Upptaka ökutækja.*

Orðalag greinarinnar er nú að mestu í samræmi við tillögu refsiréttarnefndar. Samkvæmt tillögunni er afmarkað frekar hvenær upptaka kemur til greina þ.e. vegna stórfellds eða ítrekaðs ölvunaraksturs sem ekki fellur undir 2. mgr.,

stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi, stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur, sem telst sérlega vítaverður að öðru leyti. Ekki var fallist á að skilyrði upptöku væri nauðsyn til þess að fyrirbyggja frekari brot á umferðarlögum eða öðrum lögum, þar sem sönnun þess er nánast ómöguleg og það myndi gera ákvæðið marklaust.